

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 28. mars 2008
Tímasetning fundar: kl. 17:15 – 19:30
Fundarstaður: Skýrr, Ármúla 2, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Breytingar á vefsetri Gíggunnar**

Ákveðið hefur verið að leita tilboða hjá hugbúnaðarfyrirtækjum fyrir flutning á vefsetri Gíggunnar yfir í heimasíðukerfi. Ákveðið var að hafa samband við Greind og Stefnu. Bæði þessi fyrirtæki hafa sent Gíggunni tilboð þess efnis að flytja vefsetur Gíggunnar úr því formi sem það er í dag, yfir í Moya (tilboð frá Stefnu) og ExpressWeb (tilboð frá Greind). Tilboðin voru skoðuð á fundinum og ákveðið að stjórnarmenn kynni sér þau frekar fyrir næsta fund. Tekin verður endanleg ákvörðun um þetta mál á næsta fundi. Málið er í vinnslu.

2. Fundargerð frá 22. febrúar 2008

Farið var yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar og hún samþykkt. HG mun setja fundargerðina á vefsetrið og senda aðildarkórnum póst um að ný fundargerð sé komin inn á vefsetrið.

3. Umsókn frá Kvennakórnum Emblum um aðild að landssambandinu

Umsókn barst 29. febrúar 2008 frá Kvennakórnum Emblum úr Eyjafirði um aðild að Gíggunni. Stjórnandi kórsins er Roar Kvam. Umsóknin var tekin fyrir og hún samþykkt. Emblum verður sent formlegt svarbréf í pósti og upplýsingum um kórinn komið fyrir inn á vefsetrinu undir linknum "Aðildarkórar". HG mun sjá um það. Málið er í vinnslu.

4. Söfnun á gögnum frá liðnum landsmótum

Söfnun á gögnum frá liðnum landsmótum gengur ágætlega. Svona er staðan: Búið er að gera nýjan hlekk inn á vefsetrið sem heitir "Landsmót" undir honum eru komnar sjö nýjar síður, ein síða fyrir hvert landsmót sem haldið hefur verið.

2008 Hornafjörður = Unnið jafnóðum, öll bréf/skilaboð sem berast frá landsmótsnefndinni á Hornafirði fara inn á þessa síðu.

2005 Hafnarfjörður = Allur texti kominn inn, vantar myndir. SÓ vinnur að því að safna myndum.

2002 Reykjanesbær = Allar upplýsingar vantar. DS vinnur að gagnasöfnun.

1999 Siglufjörður = Frágengið.

1997 Reykholt í Borgarfirði = Frágengið.

1995 Reykjavík = Frágengið.

1992 Félagsheimilið Ydalir, Ýdölum = Allar upplýsingar vantar. HG og MB vinna að gagnasöfnun.

5. Skipulag tölvupósts Gígunnar

HG kynnti fyrir fundarmönnum uppbyggingu á pósthólfi Gígunnar. Ákveðið að allir stjórnarmeðlimir hafi aðgang að gígjan2003(hjá)gmail.com netfanginu (ekki bara ritarinn). Þá geta t.d. formaður eða gjaldkeri sent tölvupóst í nafni Gígunnar í fjarveru ritara. HG mun senda öllum leiðbeiningar og inngangsorð fyrir aðganginn. Einnig var farið yfir uppbyggingu tengiliða og hópa og vinnulag þegar póstur er sendur á póstlista Gígunnar sem í dag inniheldur um 170 netföng. HG mun senda stjórninni leiðbeiningar um notkun pósthólsins og allar aðgangsupplýsingar. Málið er í vinnslu.

6. Óformleg könnun á félagsgjöldum og fjölda æfinga hjá aðildarkórum Gígunnar

Undanfarnar vikur hafa stjórnarmeðlimir haft samband við aðildarkórana og óskað eftir upplýsingum um félagsgjöld og fjölda og lengd æfinga. Stjórninni hafa mjög oft borist fyrirspurnir um hvað kórar séu að greiða í félagsgjöld og ýmislegt tengt því, þessar upplýsingar hafa ekki legið fyrir og því var ákveðið að óska eftir þeim frá formönnum kóranna. Ákveðið var að skrá upplýsingarnar niður í eitt skjal sem sent verður til þeirra formanna sem óska eftir því. Upplýsingar eru ekki komar frá öllum kórum. Málið er í vinnslu.

7. Félagsfundur Gígunnar á landsmótinu á Hornafirði

Stjórnin hefur mikinn áhuga á því að fá að halda stuttan félagsfund á landsmótinu á Hornafirði. Í 5. grein í lögum sambandsins er að finna eftirfarandi málsgrein: *“Almennur félagsfundur skal haldinn í tengslum við landsmót kvennakóra”*. SÓ mun hafa samband við landsmótsnefndina og óska eftir tíma fyrir fund með öllum landsmótsgestum. Stjórnin mun undirbúa fyrir næsta stjórnarfund dagskrá af slíkum fundi og fara yfir hvert markmið hans ætti aðallega að vera. Málið er í vinnslu.

8. Fréttabréf

Á fundinum var tekin ákvörðun um það að senda ekkert fréttabréf til aðildarkóranna eins og gert hefur verið undanfarin ár á þessum árstíma. Vefsetrið hefur tekið við því hlutverki og þar sem aðildarkórar Gígunnar fara reglulega inn á það þykir stjórninni óþarfi að vera að eyða peningum í að senda kórnum sömu upplýsingar og er að finna inn á netinu í umslagi. Vefsetrið er fréttabréf Gígunnar í dag.

9. Norræna kvennakóramótið í Noregi

Gígjunni hefur borist boð um að allir aðildarkórar hennar geti tekið þátt í kvennakóramóti sem haldið verður í Prándheimi í Noregi dagana 10. – 13. apríl 2008. Gígjan hefur fengið þær upplýsingar að Kvennakór Reykjavíkur og Kvennakórinn Embla í Eyjafjarðarsveit ætla báðir að taka þátt í mótinu í Noregi. Nánari upplýsingar um mótið hafa verið settar á vefsetrið en einnig er hægt að skoða þessa vefsíðu:

<http://www.kor.no/distrikt/index.cfm?distrikt=17&WID=369>

Á fundinum var ræddur möguleikinn á því að stjórn Gígunnar sendi fulltrúa á mótið til þess að afla upplýsinga og tengiliða. Horfið var frá þeirri hugmynd þar sem Gígjan hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að leggja í slíkan kostnað að svo komnu máli. Þurfið gjaldkeri Gígunnar (Kvennakór Reykjavíkur) bauðst til þess að vera fulltrúi Gígunnar á þessu móti og afla upplýsinga og dreifa upplýsingum um landssambandið. ÞP mun gera drög að litlu kynningarblaði um landssambandið sem hún mun fara með út á mótið. Málið er í vinnslu.

10. Myndir frá stofnfundi Gíggunnar 5. apríl 2003

Á fundinum var ákveðið að reyna hafa upp á þeim myndum sem teknar voru á stofnfundi Gíggunnar sem haldinn var á Grand hóteli 5. apríl 2003. Blaðljósmyndari var á staðnum og er afar mikilvægt fyrir Gígguna að eiga í fórum sínum (á vefsetrinu) myndir frá þessum fyrsta fundi landssambandsins. ÞP tók að sér að hafa upp á þessum myndum og fá afrit af þeim. Málið er í vinnslu

11. Formlega útgefnir geisladiskar aðildarkóranna

Nauðsynlegt er að fara yfir geisladiskalistann undir "Aðildarkórar" og bera hann saman við listann sem er undir "Útgáfa" á vefsetrinu. Ákveðið var að á vefsetrinu séu einungis upplýsingar um formlega útgefna diska. Ef það vantar upplýsingar um disk inn á vefsetrið eru kórar beðnir um að senda ritara 1 stk. DS tók að sér að gera þennan samanburð á skráningu á vefsetrinu og hafa samband við kóra ef þess þarf. Málið er í vinnslu.

12. Myndir af öllum aðildarkórum inn á vefsetrið

Ákveðið var að leggja á það áherslu að safna myndum af öllum aðildarkórum Gíggunnar til þess að koma þeim inn á vefsetrið undir linkinn "Aðildarkórar". Tengiliðir kóranna munu hafa samband við sína kóra og óska eftir myndum af þeim. Myndir vantar á vefsetrið af eftirtöldum kórum: Kvennakór Suðurnesja, Kvennakórinn Seljur, Kvennakórinn Vestfirsku Valkyrjurnar, Kvennakórinn Ymur, Sandlóurnar (eru í fríi þetta starfsár), Kvennakór Bolungarvíkur (eru í fríi þetta starfsár). Málið er í vinnslu.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund Gíggunnar, föstudaginn 18. apríl kl. 17:15

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.